

54

24. marz

Stjórn sjóðsins skipa hreppstjóri Rangárvallahrepps, oddviti Rangárvallahrepps og formaður búnaðarfélags Rangárvallahrepps eða þeir, sem seinna kunna að vinna þeirra störf, þó undir öðrum nöfnum kunni að verða. Skipi sami maður tvö eða fleiri af þessum störfum, er um ræðir, skipar hreppsnefnd Rangárvallahrepps menn, er á vantar til þess að full tala stjórnar fáist. Stjórnin velur sér formann. Skal hún annast fjárreiður sjóðsins og sjá um ávöxtun hans.

5. gr.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita árlega heiðursverðlaun til Rangvellinga fyrir:

- a. Bezta fóðrun og hirðingu búfjár.
- b. Bezta ræktun.
- c. Fegursta skróð- eða trjágardinn.

Á meðan sjóðurinn er lítills megnugur skulu verðlaunin vera skrautprentað skjal undirritað af stjórn sjóðsins, en seinna þegar sjóðurinn eflist, skulu að auki veitast gripir, er séu til heimilisprýði, svo sem málverk o. fl. Verðlaunin séu ævarandi eign býlanna.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók. Í gerðabókina ber að færa allar fundargerðir stjórnarinnar, heiðursverðlaunaveitingar, reikninga og allt, er varðar hag hans og rekstur.

8. gr.

Reglugerð þessa má endurskoða og auka tilgang sjóðsins, þó ekki fyrr en vorið 2000.

9. gr.

Reikningar sjóðsins endurskoðist af sýslunefnd Rangárvallasýslu.

10. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

Kirkjubæ, 12. maí 1950.

**Bogi Thorarensen.**

55

24. marz

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Sesselju Þórðardóttur og Ólafs Jónssonar frá Hávarðarkoti í Þykkvabæ“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. marz 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Sesselju Þórðardóttur og Ólafs Jónssonar frá Hávarðarkoti í Þykkvabæ.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Sesselju Þórðardóttur og Ólafs Jónssonar frá Hávarðarkoti í Þykkvabæ og er gefinn af barnabörnum þeirra á minningarsamkomu að Selfossi þann 30. okt. árið 1948.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2700 — tvö þúsund og sjö hundruð — krónur og má aldrei skerðast. Skal það ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands eða annarri tryggri stofnun.

## 3. gr.

55

Sjóðurinn tekur við hvers konar gjöfum og áheitum, er leggjast skulu við höfuðstól hans. 24. marz

## 4. gr.

Ekki má veita fé úr sjóðnum fyrr en höfuðstóll hans nemur kr. 10000.00. Eftir það má verja  $\frac{3}{4}$  hlutum ársvaxta til styrktar samkvæmt 5. gr.

## 5. gr.

Tilgangur sjóðsins er tvenns konar og styrkist að jöfnu:

- a. Hvers konar kirkjuleg starfsemi við Háþéjarkirkju í Þykkvabæ.
- b. Slysavarnafélag Íslands.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og skulu jafnan vera afkomendur áðurnefndra hjóna lið fram af lið, sem búsettir eru eða kunna að verða hér í Þykkvabæ, annars skal sóknarnefnd Háþéjarkirkju koma í þeirra stað. Nefndin kýs sér formann. Nefnd þessi skal jafnframt annast fjársöfnun til sjóðsins og sjá um eflingu hans. Nefndin haldi gerðabók um störf sín. Í hana skal færa skipulagsskrá þessa.

## 7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

## 8. gr.

Sjóðurinn skal vera undir yfirstjórn sýslunefndar Rangárvallasýslu.

## 9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Í stjórn sjóðsins:

Ólafur Sigurðsson.

Ólafur Friðriksson.

Ólafur Þórðarson.

## REGLUGERÐ

56

26. marz

### um mat á frystum fiski til útflutnings.

#### I. KAFLI

#### Lágmarksákvæði um aðbúnað og áhöld við framleiðslu á hraðfrystum fiski til útflutnings.

## 1. gr.

Gólf í fiskmóttökuhúsi, þar sem fiskur biður vinnslu eða hvers konar vinna við fisk fer fram, skulu vera slétt, ósprungin og með nægum vatnsrennslishalla og frárennslis í góðu lagi. Allir veggir skulu ljósmálaðir.

## 2. gr.

Ef hraðfrystihúsið sjálf hefur ekki isframleiðslu, verður það sannanlega að geta aflað sér iss annars staðar að, hvenær sem þörf er.

## 3. gr.

Vatn, sem notað er til þvottar á fiski, áhöldum og húsnæði, má ekki innihalda óheilmæm efni.